



Til þingmanna Norðausturkjördæmis

Mál, sem þingmenn þurfa að vita varðandi Fjallabyggð

## 1. Viðhald á þjóðvegi í þéttbýli í Ólafsfirði og Siglufirði

Viðhald á þjóðvegi í þéttbýli í gegnum Ólafsfjörð (Aðalgata) er víða illa farinn. Í fyrra var lagt malbik yfir 350m frá Ægisbyggð að gamla þjóðveginum yfir Lágheiði. Kafli þjóðvegarins frá Hornbrekkuvegi 400m í norður er mjög illa farinn og tímaspursmál hvenær slitlagið mun ónýtast, ef ekkert verður að gert. Yfirlögn á ca 400m kafla myndi bjarga miklum fjármunum til framtíðar.

## 2. Raforkumál

Flutningsgeta á raforku til Fjallabyggðar er takmörkuð. Eitt af grundvallaratriðum atvinnuuppbryggingar er nægjanleg raforka. Stjórnmálamenn og aðrir tala um það á tyllidögum að raforka sé lykilatriði í atvinnuuppbryggingu á landsbyggðinni. Það tal er ekki nóg, því það þarf bæði að framleiða og flytja raforkuna, en ástand á flutningsgetu raforkukerfisins er óviðunandi. Sérstaklega er ástandið á norðurlandi slæmt. Þingmenn kjördæmisins verða að láta til sín taka í þessum eftir, málið er orðið grafalvarlegt og ef ekkert verður að gert mun atvinnusköpun og uppbrygging líða stórlega fyrir þetta aðgerðarleysi.

## 3. Sjúkraflutningar á Ólafsfirði

HSN ákvað einhliða að leggja niður sjúkraflutningateymi á Ólafsfirði í fyrra sumar, þrátt fyrir kröftug mótmæli sveitarfélagsins. Þetta virðist hafa verið eingöngu ákvörðun forstjóra HSN, því lítið finnst um málið í Heilbrigðisráðuneytinu. Þessi aðgerð hefur orsakað mun lengri viðbragðstíma sjúkraflutninga fyrir íbúa Ólafsfjarðar og lækkað þjónustustig. Fulltrúar Fjallabyggðar hafa bent HSN á lausn í þessu máli en engin svör fengið. Til stendur hjá HSN að setja upp viðbragðsteymi á Ólafsfirði en ekkert hefur gerst enn í þeim eftir.

Það er ljóst, að þingmenn kjördæmins verða að beita sér fyrir því að höggið verði á hnútinn í þessu máli. Núverandi ástand er algjörlega óviðunandi fyrir íbúa Ólafsfjarðar.

## 4. Sigrufjarðarhöfn

Á síðasta ári lauk endurnýjun Hafnarbryggju, sem var bráðnauðsynlegt verkefni, þar sem gamli hafnarkanturinn var bæði siginn og sundurryðgaður. Stálþilið syðst í Sigrufjarðarhöfn er mjög lélegt af ryðskemmdum og er einnig of stutt fyrir nauðsynlega hækkan á landi sunnan hafnarinnar. Kostnaður við þessa framkvæmd gæti numið 80 - 100 m.kr.

## 5. Færsla á lyftu í Skarðsdal



Eins og sagði í minnispunktum frá Fjallabyggð til þingmanna kjördæmisins í fyrra var hluti skíðasvæðisins á Siglufirði skilgreindur sem snjóflóðahættusvæði árið 2014. Þetta var gert án samráðs við heimamenn og því hrein stjórnvaldsáðgerð og algjörlega á ábyrgð ríkisvaldsins.

Fjármunir hafa verið tryggðir í endurbyggingu Skarðsvegar en fjármuni vantar enn í færslu á neðsta hluta skíðalyftunnar. Stofnanir ríksins vísa hver á aðra í þessu sambandi. Kostnaður við færsluna getur numið allt að 80 m.kr.

## 6. Múlagöng

Eins og þekkt er, eru Múlagöng einbreið og afkasta ekki vel mikilli umferð. Þegar mikil umferðarálag er, sérstaklega að sumarlagi myndast mikil umferðarteppa og bið við göngin beggja vegna. Lögreglan hefur boríð við manneklu til að sjá um umferðarstýringuna og kalla þá til björgunarsveitina á Ólafsfirði til verksins. Þetta ástand í Múlagöngunum er ekki beinlínis hvetjandi til að auka ferðamennsku í Fjallabyggð. Það er því ljóst a) að það þarf að setja upp gott umferðarstýringarplan b) gera göngin tvíbreið c) og eða ákveða nýja gangalegu.

## 7. Færsla Gránugötu og Túngötu á Siglufirði

Fljótlega liggur fyrir nýtt skipulag miðbæjarsvæðins á Siglufirði. Með tilurð þess þarf að breyta legu Gránugötu og Túngötu. Í dag eru gatnamót Gránugötu og Túngötu krossgatnamót, (svartblettur) þar sem slys og óhöpp eru tíð. Reiknað er með að færa Gránugötu í nýja legu á þessu ári og Túngötuna á því næsta. Þessi aðgerð er hreint og klárt umferðaröryggismál. Kostnaður Vegagerðarinnar er áætlaður 40m.kr. árið 2018 og 40m.kr árið 2019.

## 8. Siglufjarðarflugvöllur

Siglufjarðarflugvöllur var aflagður sem flugvöllur í fullri þjónustu fyrir meiru en tíu árum. Flugvöllurinn var þó notaður til lendingar á eigin ábyrgð flugmanna. Isavia hefur leigt verktökum aðstöðu á flugvellinum og hafa þeir fjármunir farið í að lagfæra flugstöðina. Þáverandi innanríkis og samgönguráherra, Ólöf Norðdal, setti 70 m.kr. (35+35) til endurbóta á flugvellinum í samgönguáætlun sem samþykkt var árið 2016. Fjárhæðin var hugsuð til endurbóta á slitlagi vallarins.

Talsverð ásókn er hjá flugfélögum sem fljúga með ferðamenn, að lenda á Siglufjarðarflugvelli. Auk heldur er nauðsynlegt að halda vellinum opnum vegna sjúkraflugs.

Þetta er löngu tímabært að lagfæra og endurnýja slitlagið á vellinum á þessu ári og því næsta. Þess vegna má þessi framkvæmd ekki gleymast við gerð nýrra samgönguáætlunar.

f.h. bæjarstjórnar Fjallabyggðar



Gunnar Ingi Birgisson  
bæjarstjóri